

Fundargerð

Atvinnu- og Menningarmálanefndar Rangárþings ytra

3. fundur Atvinnu-, og Menningarmálanefndar Rangárþings ytra á kjörtímabilinu 2014 - 2018, haldinn í fundarsal Miðjunnar Suðurlandsvegi 1-3 kl. 17

Mætt: Sólrún Helga Guðmundsdóttir (formaður), Hugrún Pétursdóttir, Heimir Hafsteinsson, Jóhann Björnsson og Yngvi Harðarsson.
Fundargerð ritar formaður.

1. Töðugjöld

Eigum við að halda sama fyrirkomulagi eða breyta því?

Skv 1. Fundargerð nefndarinnar

„Nefndarmenn skora á sveitarstjórnarmenn að breyta fyrirkomulaginu og auglýsa eftir áhugasömum einstaklingum sem vilja sjá um laugardagskemmtunina á Töðugjöldunum. Einnig þarf sveitarfélagið að koma með myndarlegt fjárframlag svo hægt sé að halda þau svo sómi sé að, ef að vilji er að halda áfram með þessu einu hátið í sveitarfélaginu.“

Nefndin skorar á sveitarstjórnina að setja 1 milljón króna í Töðugjöldin í ár og síðan verði reynt á næsta ári að upphefja þau aftur til fyrri dýrðar. Í framhaldi af því mun nefndin að taka að sér að finna aðila til að sjá um laugardagskvöldið í samráði við lituðu hverfin.

2. 17. Júní hátíðarhöld

Hvernig hefur fyrirkomulag síðustu ára verið?

Nefndin telur fulla þörf á því að finna aðila til að taka að sér hátíðarhöldin á þessu ári.

Hver er afstaða sveitarstjórnar til hugmyndar sem kom á 1. Fundi nefndarinnar?

„Nefndin leggur einnig til að fyrirkomulagi 17. Júní hátíðar verði breytt og haldin verði ein stór hátíð fyrir allt sveitarfélagið til skiptis á Hellu, Þykkvabæ og Laugalandi. Teljum við farsælast að biðla til kvenfélaga og ungmennafélaga á hverjum stað fyrir sig að koma að skipulagningu og framkvæmd hátíðanna. Mun þá árlegur styrkur nýtast betur og hátíðarnar verða veglegri, ásamt því að stuðla að aukinni samkennd meðal íbúa sveitarfélagsins.“

Nefndin leggur til að fyrirkomulagið verði óbreytt í ár vegna tímaskorts en á næsta ári muni því verða breytt og samið verði við kvenfélög og ungmennafélög á Hellu, Laugalandi og Þykkvabæ að sjá um hátíðarhöldin á 3ja ára fresti. Framlag sveitarfélagsins fer svo á þann stað sem hátíðarhöldin eru haldin hverju sinni.

3. Lög um Jafna stöðu og jafnan rétt karla og kvenna

<http://www.althingi.is/lagas/144a/2008010.html>

Til kynningar

4. Fasteignagjöld af vindmyllum

Í febrúar á þessu ári tilkynnti Þjóðskrár Íslands að þau ætluðu á næstu vikum að ákveða hvernig meta skyldi fasteignamat á Vindmyllum. Ekki hefur ennþá komið niðurstaða og engar upplýsingar að finna inn á heimasíðu Þjóðskrár Íslands, www.skra.is

Til kynningar

JB
4/2/14
HP

5. Önnur mál.

Samráðsfundur ferðapjónustunnar 27. Apríl

Rætt um hvað kom fram á fundinum og greinilegt að niðurstaða væri sú að ferðapjónustu aðilar hefðu áhuga á að taka þátt í því með sveitarfélaginu að ráða Markaðs- og kynningarfulltrúa til að sjá um markaðsmál fyrir í sveitarfélaginu.

Nefndin leggur til að sveitarfélagið taki af skarið og fari í þessa framkvæmd og verði í forsvari til að byrja með. Fyrsta skrefið er að koma á fót upplýsingamiðstöð á Hellu og helst í Miðjunni ef það er gerlegt. Ákjósanlegast er að ráða starfsmann fyrir upplýsingamiðstöðina núna í sumar.

Næsta skref er að búa til umgjörð um þetta starf og auglýsa til að hægt verði að fá hæfan aðila til starfa í haust.

Fundi slitið kl. 18.20

Hugnín Petrusdóttir
Árnir Hafsteinsson
Jóhann Björnsson
Magnús Haraldsson
Sólmið Helga Guðm